639. fundur stjórnar SASS

Haldinn á Teams

föstudaginn 2. október 2026, kl. 8:30

Þátttakendur: Anton Kári Halldórsson formaður sem stýrði fundi, Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir varaformaður, Gauti Árnason, Sveinn Hreiðar Jensson, Eyþór Harðarson, Haraldur Þór Jónsson, Sveinn Ægir Birgisson, Matthías Bjarnason og María Rún Þorsteinsdóttir. Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri ritar fundargerð.

Á fundinn mætti einnig undir fyrsta lið, Þóra Jóhanna Jónasdóttir yfirdýralæknir MAST.

1. **Staða dýralækna á Suðurlandi**

   Þóra Jóhanna fór yfir stöðuna og þær áskoranir sem MAST stendur frammi fyrir þegar kemur að þjónustu dýralækna á landsbyggðinni, sem snúa fyrst og fremst að mönnunarvanda. Verið er að þrýsta á ráðuneytið að vinna að varanlegum lausnum og hvatti hún stjórn SASS til þess að taka undir með MAST og hvetja ráðuneytið til þess að vinna að lausn.

   Stjórn tók undir það og mun halda málinu á lofti á sínum vettvangi.

2. **Yfirferð milliþinganefnda**

   Formenn nefndanna fóru yfir vinnu sinna nefnda og þær ályktanir sem samþykkt var að leggja fram á ársþingi samtakanna. Góð umræða um ályktanirnar og framkvæmdastjóra og starfsfólki falið að vinna þær áfram út frá umræðum á fundinum.

3. **Drög að fjárhagsáætlun**

   Framkvæmdastjóri lagði fram drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2027. Framkvæmdastjóra falið að vinna drögin áfram í samræmi við umræðu á fundinum og leggja aftur fyrir stjórn.

4. **Sorpstöð Suðurlands**

   Stjórn ákvað að fresta þessum lið, en taka hann upp á stöðufundi með verkefnastjóra SOS þar sem farið verður yfir stöðu verkefnisins í heild.

5. **Ársþing SASS - drög að dagskrá**

   Stjórn ræddi áfram tillögur að dagskrá ársþings SASS. Framkvæmdastjóra falið að klára dagskrá í samráði við starfsmenn og senda á stjórn til staðfestingar.

6. **Lög um náttúrupassa**

   Stjórn fjallaði um fyrirhugað Náttúru- og innviðagjald á ferðamannastöðum og bókaði eftirfarandi:

Bókun stjórnar SASS um fyrirhugað náttúru- og innviðagjald

Stjórn SASS leggst eindregið gegn fyrirliggjandi útfærslu náttúru- og innviðagjalds, þar sem meginþungi gjaldtökunnar er lagður á ferðamenn sem heimsækja þrjá fjölsótta staði á Suðurlandi, Geysi, Gullfoss og Þingvelli. Slík gjaldtaka felur að mati stjórnarinnar í sér óásættanlega mismunun milli landshluta og getur haft neikvæð áhrif á ferðamynstur, samkeppnisstöðu og verðmætasköpun ferðaþjónustu á Suðurlandi.

Stjórn SASS telur að gjaldtaka sem ætlað er að standa undir sameiginlegum verkefnum ferðaþjónustunnar á landsvísu eigi að vera almenn, gagnsæ og jafnræðisleg. Fyrsti kostur sé almenn gjaldtaka við komu erlendra ferðamanna til landsins. Verði náttúrupassi fyrir valinu verði hann landsbundinn og gildi á ferðamannastöðum í eigu eða umsjón ríkisins um allt land.

Stjórn SASS vísar að öðru leyti til ítarlegrar umsagnar samtakanna sem send verður inn í samráðsgátt um málið.

7. Umsögn um fjárlagafrumvarpið

Framkvæmdastjóri kynnti drög að umsögn um frumvarp til fjárlaga. Umsögnin verður kláruð samkvæmt umræðum á fundinum og send til stjórnar til samþykkar áður en henni er skilað.

8. Önnur mál

Engin önnur mál tekin fyrir.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl.10:45

Næsti fundur stjórnar verður 28. október 2026 á Hvolsvelli.

Fullgild rafræn undirskrift
SVEINN ÆGIR BIRGISSON
Kennitala: 120298-3059
2026-10-09 10:12:49 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
SIGURBJÖRG JENNÝ JÓNSDÓTTIR
Kennitala: 280492-3299
2026-10-12 08:38:26 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ANTON KÁRI HALLDÓRSSON
Kennitala: 030583-3539
2026-10-06 17:19:27 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
SVEINN HREIÐAR JENSSON
Kennitala: 080982-4459
2026-10-06 19:00:44 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
HARALDUR ÞÓR JÓNSSON
Kennitala: 270576-5089
2026-10-06 19:19:13 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
MATTHÍAS BJARNASON
Kennitala: 090500-3330
2026-10-06 23:51:33 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
INGUNN JÓNSDÓTTIR
Kennitala: 290376-3949
2026-10-06 16:18:35 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
GAUTI ÁRNASON
Kennitala: 060873-3649
2026-10-06 16:19:47 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
EYÞÓR HARÐARSON
Kennitala: 110663-3079
2026-10-06 16:49:02 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
MARÍA RÚN ÞORSTEINSDÓTTIR
Kennitala: 250185-2869
2026-10-06 17:16:18 GMT
Ástæða: Undirskrift